

TILLAGA

til þingsályktunar um að auka tengsl þjóðkirkjunnar
við samtök evangelískra kirkna í Evrópu GEKE/CPCE
(Lagt fyrir 56. kirkjuþing 2017)

Flutt af Kristjáni Val Ingólfssyni, Gísla Jónassyni, Guðbjörgu Arnardóttur,
Drífu Hjartardóttur, Einari Karli Haraldssyni, og Hreini Hákonarsyni
Frsm. Kristján Valur Ingólfsson

Kirkjuþing 2017 samþykkir að beina því til biskups Íslands að kanna möguleika á auknu samstarfi þjóðkirkjunnar við samtök evangelískra kirkna í Evrópu sem miði að því að kirkjuþing 2018 fái til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn um fulla aðild að samtökunum,

Greinargerð

Samtök evangelískra kirkna í Evrópu urðu til árið 1973 út af þeirri brýnu þörf kirknanna að styrkja samvinnu og samstarf sem byggir á gagnkvæmri virðingu og gagnkvæmum skilningi þrátt fyrir að hluta til ólíkar skoðanir og starfsaðferðir. Markmiðið er eining í fjölbreytileikanum. Það byggir á því að Kristur sagði ekki að við ættum að vera eins, heldur að við ættum að vera eitt í honum.

Á málþingi undir yfirskriftinni *Kirkjan í kviku samfélagsins* sem haldið var í Skálholti 22.-23 ágúst síðastliðinn og fjallaði að verulegu leyti um kirkjuskilninginn, flutti aðalritari Samtaka evangelískra kirkna í Evrópu, Dr. Michael Bünker, biskup lútersku kirkjunnar í Austurríki, inngangserindi um samtökin og varpaði upp spurningunni um það hvort ekki væri æskilegt að þjóðkirkjan tæki þátt í starfi samtakanna með fullri aðild. Í samtölum á málþinginu var vakin athygli á að með sívaxandi fjölda ferðamanna á Íslandi vex einnig fjöldi þeirra erlendu gesta sem sækja guðspjónustur þjóðkirkjunnar.

Í aðild að samtökunum felst sá skilningur að horfið er frá þröngum skilningi lútherskra kirkna á samskiptum við aðrar mótmælendakirkjur og gamall rígur lagður til hliðar. Óhætt er að fullyrða að þjóðkirkjan hafi á síðari árum ekki fylgt hinum þrönga lúterska skilningi eftir og því sé full ástæða til að skoða vandlega hvort þjóðkirkjan getur einnig samþykkt Leuenberger konkordíuna efnislega.

Samtökin eiga sér þá forsögu að lengi framan af var lítið sem ekkert samstarf milli þeirra kirkna sem siðbótarhreyfing sextándu aldar fæddi af sér, og siðbótarmennirnir Lúther, Kalvín og Zwingli leiddu af stað. Það var ekki fyrir en árið 1973 sem gengið var frá samkomulagi um gagnkvæman skilning og fulla þátttöku safnaðarfólks í starfi hinna sjálfstæðu kirkna. Þetta samkomulag er kennt við Leuenberg í Sviss og byggir á guðfræðilegu og kirkjufræðilegu skjali sem gengur undir nafninu Leuenberger konkordían.

Lítið hefur verið fjallað um þennan sáttmála hér á landi. Þó er að finna viðtal við Sigurbjörn Einarsson biskup í Kirkjuritinu 40. árg. 1974, 3.tbl. bls 199-214 þegar konkordían var nýtilkomin. Þar segir Sigurbjörn: (bls 201-202)

Leuenberg-konkordían er tiltölulega ný heimild og hefur verið æði mikið rædd að undanfögnu. Hún er árangur af allviðtækum viðræðum lúterskra guðfræðinga annars vegar og reformeraðra hins vegar, þar sem þeir hafa tekið til meðferðar forsendur fyrir játningum siðbótarinnar og haft til yfirvegunar,

hvað það var á siðbótartímanum, sem greindi leiðir þessara kirkjudeilda, og hversu þau viðhorf og þær forsendur eru bær nú. Og árangurinn er sem sagt þessi niðurstaða, sem er kennd við Leuenberg, og má segja, að hún sé eins konar skýringarrit við játningar siðbótarinnar. Æði margar kirkjur hafa þegar lýst yfir fylgi sínu við þessa niðurstöðu, þ. e. a. s. hafa lýst yfir því, að þær fallist á þessa túlkun á viðhorfum og að þær líti svo á, að þessar kirkjur geti fylgzt að á grundvelli þessarar niðurstöðu, opnað dyrnar hver fyrir annarri innan ákveðinna marka. Þetta þýðir ekki það, að tilgangurinn sé að fella hinar fornu játningar siðbótarinnar úr gildi. Þær eru eftir sem áður í gildi. Lúterskir standa áfram á grunni sinna játninga og reformeraðir einnig. En Leuenbergkonkordían er tilraun til þess að skýra þau atriði, sem helzt hafa valdið vafa og ágreiningi í því efni. Íslenska kirkjan hefur enn ekki tekið afstöðu til þessarar játningar. Málið er tiltölulega lítið áleitið hér hjá okkur, vegna þess að við höfum ekki verið í þeirri aðstöðu, sem ýmsar aðrar kirkjur hafa verið í: Að lifa í sambýli við reformeraða. Málið knýr ekki á hjá okkur, og við höfum tiltölulega litinn sögulegan rétt til þess að tala með í þessu sambandi. Hinar Norðurlandakirkjurnar hafa ekki sagt síðasta orð sitt í þessu heldur.

Þjóðkirkjunni var boðin aðild að samtökunum árið 1993 en hafnaði því á þeirri forsendu að hér á landi væri engin önnur evangelísk kirkja en sú evangelísk lúterska og því yrði ekki um neitt samstarf að ræða. Á þessum tíma voru kirkjurnar á Norðurlöndum heldur ekki þátttakendur, og áherslan bæði þar og hér hvíldi meira á sambandi kirknanna á Norðurlöndum við kirkjurnar á Bretlandseyjum og í Baltisku löndunum sem kennt er við Porvoo.

Nú hafa Norska kirkjan og Danska þjóðkirkjan fulla aðild að Samtökum evangelískra kirkna í Evrópu og nú eru einnig aðrir tímar hér á landi eins og í heiminum öllum. Augljóst er að aukið samstarf kirkna á sama grunni styrkir stöðu þeirra í samtalinu við aðrar kristnar kirkjudeildir, sem svo aftur styrkir stöðu kristninnar í nauðsynlegu samtali við önnur trúarbrögð í heiminum til þess að efla frið á jörðu.